

2010

**Ársskýrsla
Lögreglustjórans á
Vestfjörðum**



Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. SKIPURIT	4
3. EMBÆTTIÐ	5
3.1 Stefnumótun og áherslur árið 2010	5
3.2 Starfsmannahald og endurmenntun	5
3.3 Tækja- og búnaðarmál	5
3.4 Gjafir til embættisins	6
4. ALMENN DEILD	6
4.1 Almannaþing	6
4.2 Umferðarmál	6
4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæði og forvarnir	7
4.4 Samstarf	7
4.5 Fangageymslur	8
4.6 Önnur verkefni lögreglu	8
5. RANNSÓKN BROTA	9
5.1 Auðgunarbrot	9
5.2 Fíkniefnabrot	9
5.3 Ofbeldisbrot	9
5.4 Fjármunabrot	9
5.5 Sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir	10
5.6 Sáttamiðlun í opinberum málum	10
5.7 Aðrar rannsóknir	10
6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR	10
6.1 Ákætur, málshraði og meðferð sakamála	10
6.2 Sektargerðir	11
7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2007-2010	11
7.1 Umferðarlagabrot	11
7.2 Fjöldi umferðarslysa	11
7.3 Sérrefsilagabrot	12
7.4 Haldlögð fíkniefni	12
7.5 Hegningarlagabrot	13
8. SÉRSTÖK VERKEFNI	14
9. REKSTUR	15

1. INNGANGUR

Í samræmi við gildandi árangursstjórnunarsamning milli ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á Vestfjörðum sem undirritaður var 7. desember 2007 með gildistíma út árið 2011, ber lögreglustjóranum á Vestfjörðum að senda ríkislögreglustjóra ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi lögreglu á liðnu ári.

Frá því að undirritaður tók við starfi lögreglustjóra 1. júlí 2010 hefur rekstur lögregluliðs gengið vel. Ákvarðanir löggjafarvalds og ríkisstjórnar um að draga úr rekstrarkostnaði lögreglu hafa þó eðlilega þengt að rekstri lögreglu.

Lögreglan á Vestfjörðum hefur ekki þurft að kljást við mannfrek eða kostnaðarsöm verkefni á árinu og hafa rekstraráætlanir gengið eftir. Dregið hefur verið úr yfirvinnu starfsmanna en engum lögreglumanni hefur verið sagt upp störfum. Vaktakerfi á lögregluvarðstöð á Ísafirði var breytt 1. janúar 2011. Sú breyting hefur í för með sér að færri lögreglumenn munu ganga sólarhringsvaktir á Ísafirði en við þessa breytingu hættu tveir lögreglumenn störfum án þess að koma þurfi til uppsagna.

Vert er að þakka embætti ríkislögreglustjóra fyrir Indico upptökubúnað sem embættið fékk afhentan á árinu en slíkur rannsóknarbúnaður er nauðsynlegur lögreglu og löngu tímabær.

Samgöngur geta verið erfiðar á Vestfjörðum þar sem víða eru slæmir vegkaflar og fjallvegir ófærir yfir vetrartímann. Bolungarvíkurgöng, vegur um Arnkötludal og brú yfir Mjóafjörð eru dæmi um góðar samgöngubætur í umdæmi lögreglu. Lífsafkoma manna á Vestfjörðum er m.a. undir því komin að yfirvöld vinni að bættum samgöngum og þá sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum. Þá má huga betur að öryggismálum vegfarenda með sérstakri áherslu á vegriðum á viðsjárverðum vegaköflum, eins og á vegi um Kleifaheiði. Góðar og öruggar samgönguleiðir skipta lögreglu, íbúa og vegfarendur miklu máli.

Lögreglustjóri vill í starfi sínu leggja áherslu á bættu umferðarmenningu, aukið eftirlit með ólöglegum fíkniefnum og virkt eftirlit með börnum og unglíngum á starfssvæði lögreglu. Til þess hefur hann á að skipa góðum lögreglumönnum sem munu eftir fremsta megni reyna að stemma stígu við afbrotum.

Lögreglustjóri þakkar sínum starfsmönnum fyrir vel unnin störf og þá samvinnu og skilning sem þeir hafa sýnt á umrótatímum í íslensku samfélagi.

Áhyggjuefni er mikil starfsmannavelta en takist að manna stöður lögreglumanna sem láta af störfum ætti lögreglan á Vestfjörðum að halda sjó næstu misserin.


Þessari skýrslu er ætlað að varpa ljósi á starfsemi lögreglunnar á Vestfjörðum árið 2010. Hún er ekki gefin út í prentuðu formi heldur er hún aðgengileg á lögregluvefnum eða á vefslóðinni www.lögreglan.is

Þeir sem komu að gerð skýrslunnar auk lögreglustjóra voru Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn, Hlynur H. Snorrason, lögreglufulltrúi og Jón Fannar Kolbeinsson, löglærður fulltrúi og staðgengill lögreglustjóra og er þeim þakkað fyrir þeirra framlag.

Úlfar Lúðvíksson,
lögreglustjórinn á Vestfjörðum.

2. SKIPURIT

Engar breytingar voru gerðar á skipuriti lögreglunnar á árinu 2010 sem hefur verið í gildi frá 1. janúar 2007. Breytingar eru fyrirhugaðar á skipuriti en nauðsynlegt er að skipuriti sé lýsandi fyrir starfseminna. Þannig hefur staða forvarnar- og fræðslufulltrúa verið lögð niður. Tillaga að nýju skipuriti verður send ríkislögreglustjóra.



3. EMBÆTTIÐ

3.1 Stefnumótun og áherslur árið 2010

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum setti sér nokkur markmið í ársáætlun fyrir árið 2010 m.a. að ráða í störf lögreglumanna einungis þá sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Það markmið náðist því miður ekki. Þá var það markmið sett að efla starf almannavarnanefnda með reglulegum æfingum viðbragðsaðila. Segja má að hér hafi gengið vel en tvær flugslysaæfingar voru haldnar á árinu, önnur á Ísafjarðarflugvelli og hin á Bíldudalsflugvelli. Undirbúningur slíkra æfinga er talsverður og kallar á aðkomu margra aðila en undirbúningar að æfingu hefist nokkrum mánuðum fyrir hverja æfingu. Stefnt var að því að ljúka starfsmannasamtölum á fyrsta ársfjórðungi ársins og gekk það eftir. Aukið eftirlit með fíkniefnaframléiðslu var á meðal markmiða svo og að stemma stigu við afbrotum. Það er von lögreglu að hún hafi spyrnt fótum við lögbrotum í umdæminu árið 2010.

3.2 Starfsmannahald og endurmenntun

Starfsmannaveita hjá lögreglu er talsverð. Lögregla býr þó að því að hafa mjög traustan og góðan kjarna starfsmanna með mikla reynslu sem skapar ákveðna festu í rekstri lögregluliðsins. Lögreglumenn hafa sýnt mikinn skilning á niðurskurði fjár til embættisins. Hætta var á að draga þyrfti úr endur- og símenntun lögreglumanna vegna þess. Lögreglumenn sjálfir snéru vörn í sókn og komu til móts við kröfur embættisins með því að gera nám eins ódýrt og kostur er. M.a. hafa verið haldin nokkur námskeið. Má þar nefna „Námskeið í sálrænni skyndihjálpi“ sem haldið var í heimabyggð fyrir alla lögreglumenn. Á vegum Lögregluskólans voru haldin námskeið í „Tímastjórnun“ og „Akstri með forgangi“, svo lítið eitt sé nefnt. Embættið hefur látið þjálfva lögreglumenn, kennara, innan liðsins í handtökuæfingum og meðferð skotvopna og hafa þeir skilað mjög góðu starfi. Þannig er m.a. staðið að endurmenntun innan lögregluliðsins.



Frá Látrabjargi

3.3 Tækja- og búnaðarmál

Keyptar voru þriggja metra langar stangir til leitar í snjóflóðum. Tvær leitarstangir eru í hverri lögreglubifreið. Aflmikill ríffill (308) var keyptur á árinu. Slíkan ríffill hefur vantað, t.d. þegar hvítabirnir hafa gengið á land eða stórar skepnur eru særðar og þær þarf að aflífa. Strangar reglur og fyrirmæli gilda um meðferð lögreglumanna á skotvopnum í eigu lögreglu. Á næsta ári á lögregla von á tveimur nýjum lögreglubifreiðum í stað eldri bifreiða. Önnur bifreiðin fer til lögreglunnar á Hólmavík og hin til lögreglunnar á Ísafirði. Á hverjum tíma er stefnt að því að lögreglumenn á Vestfjörðum hafi ávallt sem bestan búnað til að sinna daglegum verkefnum.

3.4 Gjafir til embættisins

Á árinu afhenti ríkislögreglustjóri embættinu upptökubúnað til nota við yfirheyrslur. Um er að ræða færanlegan búnað sem hefur nýst lögreglu ákaflega vel. Um það bil 100 yfirheyrslur hafa farið fram með þessum nýja búnaði í umdæmi lögreglu.

4. ALMENN DEILD

Í almennri deild störfuðu 16 lögreglumenn á þrem lögregluvarðstöðvum. Markmið embættisins um að allar stöður lögreglumanna skuli mannaðar faglærðum lögreglumönnum hafa ekki gengið eftir. Nokkrir ófaglærðir lögreglumenn hafa verið við störf á árinu. Hafa þeir sýnt frumkvæði og staðið sig vel í starfi. Til stendur að fækka lögreglumönnum um tvo á næsta ári og breyta vaktkerfi lögreglumanna á Ísafirði þann 1. janúar 2011. Stöðufjöldi verður óbreyttur á Hólmavík og Patreksfirði. Sólarhringsvaktir eru á varðstöð á Ísafirði.

4.1 Almannaþarnir

Aldrei kom til þess að kalla þyrfti saman almannaþarnanefndir vegna hættuástands en tvær flugslysaæfingar voru haldnar í umdæmi lögreglustjóra. Flugslysaæfingin Ísafjörður 2010 var haldin dagana 6. – 8. maí og flugslysaæfingin Bíldudalsflugvöllur 2010 fór fram dagana 23. – 25. maí. Æfingarnar voru með hefðbundnu sniði og fóru vel fram. Nýjar almannaþarnanefndir tóku til starfa í kjölfar sveitarstjórnarkosninga þann 29. maí. Unnið er að uppfærslu gagna hjá almannaþarnanefndum og annarri skipulagsvinnu. Í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum eru fimm almannaþarnanefndir. Ein almannaþarnanefnd fyrir Ísafjarðarbæ og Súðvíkurhrepp, tvær í Strandasýslu, ein í Reykhólahreppi og ein almannaþarnanefnd fyrir Tálknafjörð og Vesturbyggð. Haustið 2011 stendur til að halda flugslysaæfingu á flugvöllum á Gjögri og brunnaæfingu í Bolungarvíkurgöngum sem opnuð voru á árinu.



Frá flugslysaæfingu á Ísafjarðarflugvelli 2010

4.2 Umferðarmál

Ekkert banaslys varð í umferðinni í umdæminu á árinu en 9 slys eru skráð sem alvarleg. Sjá upplýsingar í töflu 6 í þessari skýrslu. Fjöldi umferðarlagabrota er svipaður milli ára en umferðarslysum fækkar úr 37 í 29. Tjaldstæði voru vel nýtt yfir sumarmánuðina og mikil umferð var um vegi umdæmisins. Vandamál og áhyggjuefni eru slæmir vegkaflar sem liggja víða en þó sérstaklega vegkaflar á sunnanverðum Vestfjörðum.

4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæðisvinna og forvarnir

Eftirlit lögreglu hefur breyst lítillega í kjölfar niðurskurðar á fjárheimildum til lögreglu. Þannig hefur dregið úr skipulögðum eftirlitsferðum lögreglu um umdæmið en eftirlit lögreglu með umferð úr kyrrstæðum lögreglubifreiðum aukist. Umferðareftirliti á Holtavörðuheidi er ekki lengur sinnt frá varðstöðinni á Hólmavík, heldur frá embættunum á Blönduósi og Borgarnesi enda liggur það beinast við. Miðað við aðstæður hafa lögreglumenn sinnt eftirlitshlutverki sínu ágætlega, sjá til hliðsjónar töflu um brot í málaflokkum. Lögreglumenn sinntu forvarnarstarfi á árinu meðal annars með því að heimsækja leik- og grunnskóla.

4.4 Samstarf

Lögreglan á Vestfjörðum á gott samstarf við lögregluna í Borgarnesi og á Blönduósi og kemur þetta samstarf glögg í ljós vegna þjóðveg 1 um Holtavörðuheidi sem er í 150 kílómetra fjarlægð frá næstu varðstöð á Vestfjörðum, varðstöðinni á Hólmavík. Þá er samstarf við önnur lögreglulið jafnan gott og þá sérstaklega við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og embætti ríkislögreglustjóra. Lögreglan á gott samstarf við björgunarsveitir og sveitarstjórnir á Vestfjörðum.



Skútur á pollinum á Ísafirði

4.5 Fangageymslur

Á lögreglustöðinni á Ísafirði eru 6 fangaklefar. Á varðstöð á Patreksfirði eru 4 nothæfir klefar og á Hólmavík eru 2 fangaklefar. Á næsta ári stendur til að gera lagfæringar á fangaklefum á Ísafirði. Eins og neðangreind tafla sýnir hafa vistanir í fangageymslur aukist á milli ára.

Tafla 1. Fjöldi handtaka og vistana árin 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Handtökur	82	135	73	101
Fjöldi handtaka	82	135	73	101
Fjöldi einstaklinga	70	99	65	92
Vistanir	47	74	39	75
Fjöldi vistana	47	74	39	75
Fjöldi einstaklinga	37	59	37	69

4.6 Önnur verkefni lögreglu

Lögregla sinnir ýmsum birtingum á ákvörðunum, s.s. fyrirköllum frá héraðsdómstólum, ákærum frá lögreglustjórum og saksóknurum og árituðum sektarboðum. Þá er ekki ólagengt að lögregla sinni upplýsingagjöf og aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki þótt ekki sé um hefðbundin löggæsluverkefni að ræða.

Tafla 2. Fjöldi fyrirkalla og annarra verkefna árin 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Birtingar (ákætur, fyrirköll, dómar, afplánunarbréf ofl.)	198	248	196	81
Útsend sektarboð	603	634	346	376
Dómsárituð sektarboð	24	41	6	32
Samtals	825	923	548	457

5. RANNSÓKN BROTA

Í rannsóknardeild lögreglustjórans á Vestfjörðum starfa lögreglufulltrúi og rannsóknarlög-
reglumaður en lögreglufulltrúi er yfirmaður þess síðarnefnda. Rannsóknardeildin sinnir þeim
verkefnum sem kveðið er á um í reglugerð nr. 192/2008, auk þeirra tilfallandi verkefna sem
lögreglustjóri ákveður. Þrátt fyrir að umdæmið sé víðfermt hefur það ekki komið niður á
rannsóknum mála. Þá reynir á samvinnu og samstarf starfsmanna rannsóknardeildar og
annarra lögreglumanna í umdæminu, þ.e.a.s. á Hólmavík og á Patreksfirði. Samstarfið hefur
verið með miklum ágætum. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra brotaflokka sem komu
til meðferðar hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Vestfjörðum á árinu 2010. Hegningar-
lagabrot voru 217 talsins og komu flest þeirra til meðferðar hjá rannsóknardeild. Ef frá eru
talin umferðarlagabrot komu alls 109 sérreksilagabrot til meðferðar hjá embættinu og flest
þeirra voru unnin í rannsóknardeild.



Er úthaldið gott?

5.1 Auðgunarbrot

Auðgunarbrot á árinu 2010 voru 67 talsins. Örlítill fjölgun var á þessum brotum frá árinu 2009.

5.2 Fíkniefnabrot

Á árinu lagði lögreglan hald á rúm 50 gr. af fíkniefnum, auk ólöglegra lyfja, í alls 20
haldlagningum. Eins og hin fyrri ár var eftirlit með notkun fíkniefna aukið á ákveðnum tímum
ársins, s.s. í tengslum við hátíðarhöldin á páskunum þegar rokkhátíðin Aldrei fór ég suður var
haldin, sjöunda árið í röð. Einnig í tengslum við sjómannadagshátíðarhöld á Patreksfirði og
um verslunarmannahelgi. Þó fóru færstar þessar haldlagningar fram á þessum hátíðisdögum.
Embættið hefur yfir að ráða fíkniefnahundinum Dollar sem myndar teymi með Jóni Bjarna
Geirssyni, varðstjóra á varðstöð lögreglu á Ísafirði.

5.3 Ofbeldisbrot

Ofbeldisbrot, önnur en kynferðisbrot, voru 27 árið 2010. En það er sami fjöldi og á síðasta ári.

5.4 Fjármunabrot

Sjá kaflann um auðgunarbrot, 5.1

5.5 Sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir

Ýmis sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir komu til meðferðar rannsóknardeildar, en slík mál kalla oft á umfangsmikla og tímafreka rannsóknarvinnu. Sérrefsilagabrotum, að umferðarlagabrotum undanskildum, fjölgaði á árinu. Fjölgunin nemur um 50% milli ára. Þessi fjölgun skýrist að nokkru leyti af fleiri brotum tengdum sjávarútvegi, landbúnaði og málefnum barna. Engin banaslys urðu í umdæminu en 81 slys skráð hjá lögreglu. Þá voru 9 brunar í umdæminu en enginn þeirra telst til stórbruna.

5.6 Sáttamiðlun í opinberum málum

Á árinu var 8 kærumálum lokið með sáttamiðlun. Í helmingi þeirra mála var um að ræða kærur vegna líkamsárása á grundvelli 217 gr. alm. hegningarlaga. Önnur sáttamál á árinu voru þjófnaðarmál og mál vegna eignaspjalla. Það er stefna embættisins að hvetja málsaðila til að reyna þetta úrræði, séu skilyrði til þess fyrir hendi, en sáttamiðlun sem úrræði til farsælla lausna í ágreiningsmálum hefur gefist einkar vel í fámennum samfélögum.

5.7 Aðrar rannsóknir

Á árinu komu til meðferðar rannsóknardeildar alls 12 mál er varða kynferðisbrot. Rannsóknir meintra kynferðisbrota eru vandasamar og tímafrekar og má í því sambandi sérstaklega nefna þau mál þar sem langur tími er liðinn frá því brot átti sér stað og þar til kæra berst lögreglu. Á árinu voru til rannsóknar 4 mál er varða brot gegn valdstjórninni, þ.e.a.s. ofbeldi gagnvart lögreglumönnum í umdæminu. Eins og áður hefur komið fram voru nærri 100 yfirheyrslur teknar upp í hljóð og mynd á árinu 2010. Um er að ræða Indico upptökubúnað þann er RLS færði embættinu. Óhætt er að segja að slík framkvæmd eykur skilvirkni og allt yfirbragð viðkomandi yfirheyrslu verður mun faglegra.

6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR

Lögreglustjóri fer með ákærvald samkvæmt 18. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Valdsvið lögreglustjóra er skilgreint í 24. gr. sömu laga, en þar segir: „Lögreglustjórar höfða önnur sakamál en þau sem ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari höfðar skv. 2. mgr. 21. gr. og 1. og 2. mgr. 23. gr., sbr. þó 3. mgr. þeirrar greinar.“ Undir ákærvald lögreglustjóra heyra brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga, ákvæðum ýmissa sérrefsilaga eins og umferðarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og siglingarlögum, svo dæmi séu tekin

6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála

Ákærur eru gefnar út í nafni lögreglustjórans á Vestfjörðum í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 66/2006, um stjórnarsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra, og annast lögreglustjóri og löglærður fulltrúi hans flutning mála fyrir héraðsdómi. Málsmeðferðarhraði er almennt góður þótt ekki hafi tekist í öllum tilvikum að halda málsmeðferðartíma innan ramma fyrirmæla ríkissaksóknara. Lögreglan á Vestfjörðum leitast við að auka skilvirkni í rannsóknum. Sáttameðferð í opinberum málum hefur gefið góða raun.

Sjá eftirfarandi skiptingu á fjölda brota í ákærum 2010: Brot gegn lífi og líkama (2), brot gegn umferðarlögum (19), brot gegn siglingarlögum (4), brot gegn lögum um fíkniefni (2) og ýmis önnur brot (3).

Tafla 3. Fjöldi ákæra árin 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Fjöldi brota í ákæru *	96	119	43	30
Fjöldi ákæra***	56	44	22	22

*Ein ákæra getur falið í sér mörg mismunandi brot. Ekki á að telja slíka ákæru sem eina ákæru heldur á að telja brotin í ákærunni. Ein ákæra með fimm brotum er því talin sem fimm brot ákærð. Setja á fjölda ákærðra brota í töfluna hér að ofan.

**Fjöldi útgefina ákæra án tillits til fjölda brota eða mála.

6.2 Sektargerðir

Með auknum heimildum lögreglustjóra til að ljúka málum með sektargerðum í stað þess að gefa út ákæru hefur fleiri málum, á síðustu árum, verið lokið með þessum hætti. Yfirleitt má segja að málsmeðferðartími styttest þegar sektargerðir eru samþykktar af brotamönnum. Ef sektargerð er hins vegar ekki samþykkt þarf lögreglustjóri að fella hana niður og gefa út ákæru. Hlutfall milli útsendra sektargerða og greiddra er um 58% og er það hlutfall yfir landsmeðaltali sem er í kringum 46%.

Tafla 4. Fjöldi útsendra og samþykktra sektargerða árin 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Útsendar sektargerðir	44	22	52	38
Samþykktar sektargerðir	29	17	29	22

7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2007-2010

Í eftirfarandi töflum eru upplýsingar um fjölda og tegund brota í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum á ákveðnu tímabili.

7.1 Umferðarlagabrot

Eins og neðangreind tafla sýnir þá hefur umferðarlagabrotum ekki fjölgað frá árinu 2009 í umdæmi lögreglustjóra en merkjanleg aukning milli ára þar sem öikumenn keyra undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Fjöldi brota vegna ölvunar við akstur standa hins vegar í stað.

Tafla 5. Fjöldi umferðarlagabrota árin 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Umferðarlagabrot alls	788	824	458	457
Of hraður akstur. Hraðamæling	441	477	260	253
Ölvun við akstur	34	33	24	24
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	7	37	7	16

7.2 Fjöldi umferðarslysa

Engin banaslys urðu í umferðinni árið 2010 en í níu tilvikum hafa einstaklingar slasast alvarlega. Í tuttugu tilfellum hafa slys orðið þar sem áverkar eru metnir minniháttar.

Tafla 6. Fjöldi umferðarslysa árin 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Samtals	38	46	37	29
Banaslys	2	1	1	0
Slys með alvarlegum meiðslum	8	6	5	9
Slys með minniháttar meiðslum	27	39	31	20

7.3 Sérrefsilagabrot

Sjá umfjöllun um fíkniefnabrot undir 5.2 og 7.4.

Tafla 7. Fjöldi sérrefsilagabrota árin 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Sérrefsilagabrot alls	70	96	66	109
Áfengislagabrot	11	11	12	11
Fíkniefnabrot	22	35	18	17

7.4 Haldlögð fíkniefni

Lagt var hald á meira magn af fíkniefnum árið 2010 en árið á undan þegar lögregla lagði hald á óvenju lítið magn fíkniefna. Góður árangur lögreglu árið 2008 getur hafa dregið úr neyslu í umdæminu árið 2009. Heimur fíkniefna er mjög breytilegur en nærvera eða fjarvera örfárra dagneytenda geta haft mikil áhrif á markaðinn á litlu markaðssvæði. Jákvætt er að rannsóknir á högum ungmenna efstu bekkja stærstu skólanna á svæðinu benda til þess að dregið hafi úr vímuefnaneyslu hjá þessum hópi á síðustu árum.

Tafla 8. Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á í umdæminu 2008-2010

Tegund	Námar	2008			2009			2010		
		Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass		764,19	2	5	8,38		1	3.23	
Kannabis	Maríhúana							2	1.47	
Kannabis	Blandað							6	24.45	
Kannabis	Plöntur									
Ofskynjun	Sveppir			1						
Örvandi	E-pillur	1		44						
Örvandi	Kókaín	1	0,43							
Örvandi	Amfetamín	6	33,47		1	0,17		9	21.21	
Ripp fuel/	Efedrín töflur									
Óþekkt	Óskilgreint	7	13,88	364				2		16
Samtals		38	811,97	411	6	8,55		20	50.37	16



Viðsjárverður vegur um Steingrímsfjarðarheiði


7.5 Hegningalagabrot

Eins og taflan hér að neðan sýnir voru hegningarlagaþrot 217 árið 2010. Þau hafa ekki verið fleiri á fjögurra ára tímabili.

Tafla 9. Fjöldi hegningarlagaþrota árin 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Hegningarlagaþrot alls	157	202	150	217
Þar af:				
Auðgunarþrot	27	61	51	67
Þjófnaður - innþrot	8	21	10	19
Þjófnaður annað	19	32	34	46
Rán	0	0	0	0
Manndráp og líkamsmeiðingar alls	19	29	27	27
Þar af:				
Manndráp (211. gr.)	1	0	0	0
Líkamsrásir (217. gr.)	14	22	20	22
Líkamsrásir (218. gr.)	3	7	6	4
Kynferðisþrot alls	14	10	6	12
Eignaspjöll alls	52	43	39	77

Tafla 9.1 Fjöldi helstu brota árið 2010



8. SÉRSTÖK VERKEFNI

Á norðanverðum Vestfjörðum hefur verið starfræktur sérstakur vímuefnaforvarnahópur allt frá árinu 1996. Í hópnum eru fagfólk og foreldrar í Súðavíkurbæ, Bolungarvíkurbæ og Ísafjarðarbæ. Markmið hópsins er að tengja saman þá aðila sem vinna með börnum og ungmennum og einnig að stýra forvarnamálum er lúta sérstaklega að vímuefnum. Lögreglan hefur haft beina tengingu við hópinn, en Hlynur Snorrason, lögreglufulltrúi, hefur verið verkefnastjóri þessa hóps frá stofnun hans. M.a. með þessum hætti hefur lögreglan á Vestfjörðum lagt sveitarfélögunum á norðanverðum Vestfjörðum lið í þessum málaflokki.

Þá má geta þess að vikulegir fundir eru með starfsmanni barnaverndar, þ.e.a.s. fulltrúa skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og lögreglunnar. Þeim fundum stýrir Skúli Berg rannsóknarlögreglumaður.



Yfirlögregluþjónn í hópi ungra grunnskólabarna

9. REKSTUR

Sértekjur fara minnkandi en um er að ræða útselda vinnu lögreglu við flutninga á sprengi-efnum í tengslum við framkvæmdir við gerð Bolungarvíkurganga og flutning á sumarhúsum. Eins og tafla 10 sýnir hefur dregið úr launakostnaði árið 2010 og kostnaður við rekstur ökutækja lögreglu lækkar um 11,14% milli ára. Kostnaður vegna rekstrarvara fer úr 6.204.275 árið 2009 í 4.577.498 árið 2010 og lækkar um 35,53%. Keyptar voru stangir til leitar í snjó og einn pretnari á árinu. Rekstrarkostnaður milli ára dregst saman um 1,12%.

Tafla 10. Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum (þús.kr. á verðlagi hvors árs) 2009 og 2010

		2009	2010	Breyting %
Tekjur				
	Sértekjur	994003	460317	
	Áfengisgjald			
		994003	460317	(116)
Gjöld				
Laun				
	Dagvinna	76517984	73679634	(3,85)
	Vaktaálag	30500294	30195246	(1,01)
	Aukagreiðslur	6715391	11115082	65,51
	Yfirvinna	30233980	27516943	(9,87)
	Launatengd gjöld	30952326	34584311	11,73
		174919975	177091216	1,24
Annar rekstrarkostnaður				
	Ferðir og fundir	1318865	1742235	32,10
	Rekstrarvörur	6204275	4577498	(35,53)
	Aðkeypt þjónusta	7425911	6141965	20,9
	Húsnæði	14765665	13877566	(6,39)
	Bifreiðar og vélar	21504791	19347820	(11,14)
	Afskrift krafna o.fl.			
	Eignakaup	675688	264811	(155,15)
		51895195	45951895	
		226815170	223043111	(1,69)
	Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	-960885	314948	
	Ríkisframlag	227100000	223300000	
		226136115	223614948	(1,12)
	Gjöld umfram tekjur			
	EIGIÐ FÉ	314948	717206	127,72